



Netglæpir: Tegundir, þróun og reynsla Íslendinga

Helgi Gunnlaugsson, PhD
Prófessor í félagsfræði

Morgunverðarfundur á Grand Hótel,

16. nóvember 2023

Efni: Öryggismál stofnana



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSFRÆÐI-, MANNFRÆÐI-
OG ÞJÓÐFRÆÐIDEILD



Netglæpir (e. cybercrime)

- Talsvert í fréttum undanfarið – oft varað við brotum af því tagi
- Ekki áberandi í opinberri tölfraeði yfir afbrot
- Algengasta skilgreiningin er að netglæpir séu brot sem framin eru með aðstoð tölvu eða annarra nettengdra tækja – líka hefðbundin brot sem stigmagnast með notkun netsins



Erlendar rannsóknir og fræðileg sjónarhorn

- Meiðyrði, fjársvik, hótanir, netárásir, kynferðisleg áreitni, myndefni dreift án leyfis - algengar tegundir netglæpa.
- Yngri aldurshópar líklegri þolendur en eldri hópar.
- Stafrænt kynferðisofbeldi algengt, konur mun líklegri þolendur en karlar.
- Kenningin um aðstæðubundin brot (Routine Activity Theory, RAT) oft notuð til að varpa ljósi á netglæpi:
- Að tengsl séu milli fyrri hegðunar á netinu og líkindum þess að verða þolandi netbrots.



Almenntu rannsóknarspurningarnar

- Hvert er umfang netglæpa á Íslandi?
- Hvaða netbrot eru algengust hér á landi?
- Hvaða hópar eru líklegastir til þess að verða þolendur netbrota?
- Hver var þróunin á tímabilinu 2016, 2018, 2020 og 2022?





Fræðileg sjónarhorn - RAT

- Tilgáta skv. RAT: Hverjir eru líklegastir á Íslandi til að verða þolendur netglæps. Mælum það á eftirfarandi hátt:
- Hverjir og hversu margir stunda ólöglegt niðurhal og heimsækja klámfengnar síður á netinu?
- Í framhaldi spurningar um reynslu af netglæpum – út frá þolendum






Aðferð og gögn

- Netpanell Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands 18 ára +
- Gagnaöflun: Mars-apríl 2016, 2018, 2020 og 2022
- Fjöldi í úrtaki: Tæplega 2000 – rúmlega 1000 svör hverju sinni
- Svarhlutfall: 40-50% - svörin vigtuð til að endurspegla þýðið
- Sumir orðið fyrir meira en einu broti






Ólöglegt niðurhal síðustu 3 mánuði – Prósentu






Klámfengnar síður heimsóttar síðustu 3 mánuði




Prósenta þeirra sem sögðust þolendur netglæpa síðustu þrjú ár:





Tegundir netglæpa síðustu 3 ár á undan mælingu





Niðurstöður: Kenningin um aðstæðubundin brot (RAT)

- Stuðningur fékkst við RAT – tengsl milli fyrri hegðunar á netinu og netbrota:
- Einn af hverjum þremur sem greindi frá reynslu af netbroti hafði halað niður ólöglegu efni á netinu
- Þau sem sögðust hafa heimsótt klámfengnar síður á netinu voru líklegri til að hafa orðið fyrir netbroti en þau sem ekki höfðu gert það.



Samantekt I

- Um það bil 16% Íslendinga sögðust hafa orðið þolendur netglæpa 2022, lægra hlutfall en 2018 og 2020 (19%) en aukning frá 2016 (13%).
- Algengustu netbrotin meiðyrði og fjársvik í öllum mælingunum
- Þolendur flestir á aldrinum 18-29 ára
- Mikil aukning á kynferðislegri áreitni eftir 2016; nær tvöföldun 2018 frá 2016 í takti við fjölgun kvenna sem þolendur netglæpa og heldur áfram 2020 og 2022
- Spurning hvort Me-Too hreyfingin hafi haft áhrif – ýtt undir áreitni á netinu eða jafnvel frekar aukið meðvitund um kynferðislega áreitni?
- Sjá grein um málefnið: Gunnlaugsson and Jónasson (2020). Is digital crime victimization increasing in Iceland – me-too and victimization *NTfK*, 107(1): 24-40.



Samantekt II

- Athyglisvert að sjá að hlutfall þeirra sem urðu fyrir meiðyrði eða rógburði á netinu jókst í tæplega 40% árið 2022 en 30% orðið fyrir reynslu af því tagi 2018 og 2020.
- Brot af því tagi skipa því stærri sess af netbrotum en áður –
- Fylgikvillar covid: samkomubann og innilokun brotist fram í hlutfallslega meira persónubundnu níði á netinu en áður?
- Allavega orðinn stærri hluti af neikvæðri reynslu af netinu en áður..
- Hótanir – um ofbeldi og dreifa efni án leyfis – jókst 2020 og 2022
- Færri nefna að myndefni af þeim hafi verið dreift án leyfis og færri nefna að hafa orðið fyrir misnotkun á greiðslukorti – aukin meðvitund?